

Reglur um skólaakstur í Húnaþingi vestra

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009. Reglurnar gilda jafnframt um akstur leikskólabarna og barna í dreifnámi eins og við getur átt. Reglurnar taka gildi 1. ágúst 2023.

1. gr.

Húnaþing vestra ber kostnað og ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Þau sem Húnaþing vestra felur framkvæmd skólaakstur skulu hafa leyfi og tryggingar eins og lög og reglugerðir gera ráð fyrir.

2. gr.

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir Grunnskóla Húnaþings vestra og nemenda hans. Skólaakstur skal einnig nýttur til að flytja leikskólabörn í leikskólann Ásgarð og nemendur í dreifnámi á Hvammstanga, enda lengist dagleg akstursleið skólabifreiðar ekki.

Nemendur í leikskóla eða dreifnámi geta aðeins nýtt skólaakstur ef laus sæti eru í skólabifreið, skólabílstjórar þurfa aldrei að breyta/stækka bifreið vegna annarra en grunnskólabarna.

Nemendur í leikskóla skuli hafa forgang fram yfir nemendur í dreifnámi. Nemendur eldri en 18 ára eiga ekki rétt á skólaakstri. Miðað skal við afmælisdag.

Um akstur dreifnámsnemenda gildir:

- Foreldrar nemenda í dreifnámi skulu óska eftir þjónustunni á heimasíðu Húnaþings vestra fyrir 25. ágúst ár hvert. Skólastjóri grunnskóla tilkynnir foreldrum um hvort hægt sé að verða við umsókn í síðasta lagi 10. september.
- Nemendur í dreifnámi fara úr og í skólabifreið á staði við Grunnskóla Húnaþings vestra samkvæmt akstursáætlun skólabifreiðar.
- Foreldrar nemenda í dreifnámi skulu koma börnum sínum að akstursleið skólabifreiðar. Hafa skal samráð við skólabílstjóra um stoppistöð.

Um akstur leikskólabarna gildir jafnframt:

- Foreldrar leikskólabarna skulu óska eftir þjónustunni á heimasíðu Húnaþings vestra fyrir 25. ágúst ár hvert. Skólastjóri leikskóla tilkynnir foreldrum um hvort hægt sé að verða við umsókn í síðasta lagi 10. september. Foreldrar, sem þessarar þjónustu njóta, afsala sér akstursstyrkjum hjá Húnaþingi vestra vegna leikskólabarna.
- Foreldrar leikskólabarna skulu koma börnum sínum að akstursleið skólabifreiðar. Hafa skal samráð við bílstjóra um stoppistöð.
- Leikskólabörn skulu sitja í viðurkenndum bílstólum sem foreldrar útvega og bera kostnað af.
- Foreldrar skulu sjálfir koma með barnið sitt (börnin sín) í leikskólann í upphafi hverrar viku til að koma með viðeigandi fatnað til vikunnar og ná í það í vikulok og tæma hólf barnsins.
- Skólabílstjórar fylgja leikskólabörnum inn í leikskólann að morgni og sjá til þess að þau klæði sig úr yfirhöfnum og láti starfsfólk vita að barn sé komið til skóla, jafnan eftir skil

grunnskólabarna. Þegar börnin eru sótt síðdegis ber skólabílstjóri ábyrgð á því að barn fari í viðeigandi fatnaði frá skóla í skólabíl og láti starfsfólk vita að barn sé farið frá skólanum.

- Leikskólabörn skulu tilheyra tveimur elstu árgöngum leikskólans. Að öðru leyti gildir aldursröð barnanna, þau eldri hafa forgang fram yfir þau yngri miðað við sætaframboð.

Daglegur skólaakstur er samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur fyrir hvert skólaár í samræmi við kennsluskipan. Fjöldi barna getur verið breytilegur á milli ára. Skólastjóra er heimilt að breyta fyrirkomulagi komu og/eða heimaksturs eftir því sem þarfir skólastarfsins kalla á. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Í júní ár hvert sendir skólastjóri skólabílstjórum farþegalista og skóladagatal fyrir komandi skólaár.

3. gr.

Skólabílstjóri skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðarstjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skylt að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram árlega til staðfestingar. Bílstjórum er skylt að undirrita eyðublað til öflunar gagna úr sakaskrá hjá skólastjóra áður en akstur hefst.

4. gr.

Skólabílstjórar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabifreið svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði skólabílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfiðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra.

Skólabílstjóri skal gegna starfinu samkvæmt lögum, reglum og kjarasamningum. Honum ber að kynna sér vel það sem að starfinu lýtur. Bílstjóri skal fylgjast með því að nemendur fylgi settum reglum og fyrirmælum meðan þeir eru í skólabifreið. Telji bílstjóri framkomu nemenda og stundvísi ábótavant og geti hann ekki leyst úr þeim málum, skal hann gera skólastjóra viðvart. Skólabílstjóri gætir þess að skólareglum Grunnskóla Húnaþings vestra sé fylgt í bifreiðinni. Skólabílstjóri má ekki yfirgefa bifreið á meðan börn eru í bifreiðinni.

Bílstjóri skal gæta stundvísi við heimili og skóla. Skólabílstjóri sér um að börn setji á sig öryggisbelti. Skólabílstjórar skulu vera snyrtilegir til fara.

5. gr.

Ekki er heimilt að skipta um skólabílstjóra skólabifreiðar nema skólastjóri sé upplýstur um það með hæfilegum fyrirvara. Gert er ráð fyrir að verktaki sé að öllu jöfnu bifreiðarstjóri en þó er heimilt að semja um annað. Verktaki geri skólastjórnendum og foreldrum grein fyrir afleysingabílstjóra með eðlilegum fyrirvara.

6. gr.

Verktaki skal sjá til þess að bifreið sú sem notuð er til skólaakstursins uppfylli öll ákvæði laga, reglugerða og settra reglna um gerð, búnað og merkingu sem í gildi eru á hverjum tíma um

skólabifreiðar. Kostnað við breytingar sem upp kunna að koma vegna breyttra laga, reglugerða og settra reglna um gerð og búnað hennar, skal eigandi bera sjálfur. Allar bifreiðar sem notaðar eru til að aka nemendum á vegum skólans verða að hafa þriggja punkta öryggisbelti í öllum sætum. Bifreiðar sem notaðar eru til aksturs á skólabörnum skulu vera snyrtilegar, loftgóðar og reyklaugar.

7. gr.

Skólastjóri ákveður í samráði við aðstoðarskólastjóra, sveitarstjóra, sviðsstjóra og leikskólastjóra að kvöldi hvort aflýsa þurfið skólaakstri eða skólahaldi næsta dag vegna viðvarana sem Veðurstofa Íslands gefur út.

- Gul viðvörðun - metið hvort skólaakstur verður
- Appelsínugul viðvörðun - metið hvort skólar séu opnir
- Rauð viðvörðun - skólar lokaðir.
- Ávallt er farið að fyrirmælum Almanavarna.

Við mat á viðvörðunum er tekið tillit til ástands vega m.t.t. hálfu eða ófærðar, úrkomu og vindstyrks.

Ef skólaakstri er aflýst setur skólastjóri tilkynningu á heimasíðu og facebook síðu skólans. Einnig er sendur tölvupóstur og sms á foreldra sem eiga börn í skólaakstri og á alla starfsmenn.

Samsvarandi tilkynningar eru sendar ef ákveðið er daginn áður að skólabílar aki heim fyrr en áætlun segir til um.

Ef skólahaldi er aflýst setur skólastjóri tilkynningu á heimasíðu og facebook síðu skólans. Einnig er sendur tölvupóstur og sms á foreldra og á alla starfsmenn.

Ef skólaakstri hefur ekki verið aflýst en skólabílstjóri metur aðstæður ekki öruggar að morgni með tilliti til skólaaksturs ákveður skólabílstjóri hvort hann aflýsi akstri á viðkomandi leið. Þá lætur hann foreldra á viðkomandi leið vita og tilkynnir skólastjóra/aðstoðarskólastjóra um ákvörðun sína.

Skólastjóri getur eftir atvikum óskað eftir að skólaakstri sé flýtt eða seinkað vegna veðuráðstæðna. Ef skóla er aflýst á miðjum skóladegi setur skólastjóri tilkynningu á heimasíðu og facebook síðu skólans. Einnig er sendur tölvupóstur og SMS á foreldra og haft samband við skólabílstjóra. Ef foreldrar eru beðnir um að sækja nemendur vegna veðurs er það nánari tilgreint á heimasíðu, facebook síðu, í tölvupósti og með sms.

Bifreiðarstjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki eða að sleppa einhverjum bæjum ef aðstæður eru viðsjárverðar. Slík ákvörðun er tekin í samráði við skólastjóra.

8. gr.

Komu- og brottferðartímar eiga að vera ákveðnar og stundvísi mikilvæg. Skólabílstjóri skal haga akstri þannig að nemendur komi á tilsettum tíma í skólann, ekki of seint og ekki heldur of snemma til að forðast aukinn biðtíma. Bílstjórar skulu að jafnaði ekki sinna einkaerindum meðan börnin eru í bílnum né láta slík erindi seinka ferðum.

9. gr.

Skólabifreiðar eiga fasta biðstöð við skólalóð grunnskóla og þar er bannað að bakka.

10. gr.

Skólabílstjóri gætir þess eftir mætti að hafa opin farsíma yfir daginn ef breyta þarf áætlun. Skólabílstjórum er skylt að nota handfrjálstan búnað fyrir farsíma á meðan akstri stendur.

Verði slys skal skólabílstjóri strax hafa samband við lækni, lögreglu og skólustjóra. Í vondu veðri má skólabílstjóri ekki sleppa nemendum úr augnsýn fyrr en börn eru komin í öruggt skjól.

Foreldrum er skylt að láta skólabílstjóra vita tímanlega ef nemandi forfallast og þarf ekki á skólaakstri að halda.

11. gr.

Nemendur skuli vera tilbúnir til að fara upp í skólabíl þegar hann kemur á morgnana. Bílstjóri og foreldri/forráðamaður barns hafa sameiginlega ábyrgð á að nemendur komist hindrunarlaust milli heimilis og skólabifreiðar. Sé hindrun í heimreið, skal foreldri/forráðamaður sjá um að koma barni sínu í veg fyrir skólabifreið. Foreldrar/ forráðamenn sjá til þess að hlið séu opin eða koma börnum að hliði. Haga skal akstri á heimreiðum hverju sinni eftir aðstæðum á hverjum stað, veðri, aldri og heilsufari nemenda, vegalengd og hvort um endastöð er að ræða.

Ef börn eru sett úr skólabifreið við þjóðveg, skal gæta þess að aka bifreiðinni inn á heimreið (á ekki við um þjóðveg í þéttbýli). Bílstjóri skal aðstoða börn inn og út úr bíl eftir þörfum við skóla og leikskóla en foreldrar við heimili. Sérstaklega skal hann hafa aðgát ef börnin eru ung eða veður og aðstæður kalla á aðstoð.

Ef foreldrar hafa áhuga á að senda barn sitt sem „gest“ með skólabifreið skal ræða þá fyrirætlan við skólabílstjóra og fá samþykki hans fyrir aukafarþega.

Skólabílstjórar eru ekki skyldugir til að taka aukafarangur svo sem hjól nemenda með í skólabifreiðum.

Sýna ber samferðafólki kurteisi og tillitssemi í skólabifreiðum.

12. gr.

Neysla sælgætis og gosdrykkja í skólabifreiðum er óheimil nema með leyfi bifreiðastjóra. Neysla tóbaks, áfengis og annara vímuefna er með öllu óheimil í skólabifreiðum.

Samþykkt á 233. fundi fræðsluráðs 5. janúar 2023

Samþykkt á 1164. fundi byggðarráðs 23. janúar 2023, með breytingum

Breytingar kynntar á 234. fundi fræðsluráðs 2. febrúar 2023

Samþykkt á 364. fundi sveitarstjórnar 9. febrúar 2023